

AUGLÝSING um umferð í Vestmannaeyjum.

Samkvæmt heimild í 81. gr. og 2. mgr. 83. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, í samræmi við gildandi deiliskipulag Vestmannaeyja á miðsvæði og einróma samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs Vestmannaeyjabæjar dagsettri 18. janúar 2016 að fengnum tillögum skipulagsráðgjafa og umferðarhóps ráðsins hefur löggreglustjórinn í Vestmannaeyjum ákveðið eftirfarandi:

1. *Skólavegur:*
 - a. Nyrsti hluti Skólavegar á milli Strandvegar og Vesturvegar breytist úr gönguleið í vist-götu. Hámarkshraði verður 15 km/klst.
 - b. Einstefna er til suðurs á nyrsta hlutanum þar sem Skólavegur hefur forgang á hliðargötur.
2. *Miðstræti:*
 - a. Einstefna verður á Miðstræti frá Herjólfsgötu til austurs að Skólavegi. Hámarkshraði verður 30 km/klst.
 - b. Bifreiðastöður verða bannaðar norðan Miðstrætis, á einstefnukafla.
 - c. Biðskyldumerki verða sett á Miðstræti að Skólavegi.
3. *Vesturvegur:*
 - a. Biðskyldumerki verða sett á Vesturveg að Skólavegi.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Löggreglustjórinn í Vestmannaeyjum, 26. janúar 2016.

Páley Borgþórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 27. janúar 2016